

**Formaður Fræðsluráðs Hafnarfjarðar**  
**Rósa Guðbjartsdóttir**  
**Ráðhús Hafnarfjarðar**  
**Strandgötu 6**  
**220 Hafnarfjörður**

**Efni: Umsögn um skýrsluna "Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar" frá 5. febrúar 2016**

Erindi þessa bréfs eru umsagnir um áherslur og tillögur starfshóps um skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar sem fræðsluráð Hafnarfjarðar óskaði eftir 6. apríl 2016. Foreldraráð Hafnarfjarðar þakkar fyrir að fá að skila inn umsögn um skýrsluna sem er göð samantekt á málefnum innan Hafnarfjarðar.

Í febrúar 2015 tók Foreldraráð Hafnarfjarðar undir áskorun sem send var m.a. Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjölmiðlum (<http://samfok.is/2015/02/26askorun/>). Þar var sagt að þjónusta og stuðningur við börn með hegðunarvanda, kvíða, tilfinningavanda, geðræn vandamál, málhömlu/n, vímuefnavanda og þroskahamlanir væri engan veginn viðundandi. Sem lausnir var bent á að biðtíma þyrfti að stytta verulega.

Í febrúar 2016 gaf Rískisendurskoðun út skýrsluna "Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglínga". Þar er einnig fjallað um biðtíma og hann sagður óviðunandi og ganga gegn lögbundnum skyldum ríkissins.

Í skýrslunni "Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar" er ekkert fjallað um biðtíma. Hvorki er fjallað um biðtíma sem vandamál þegar verið er að svara spurningunni á hvern hátt starfsemi grunnskóla Hafnarfjarðar sé að endurspeglar regluverkið um nemendur með sérþarfir, né heldur eru sett fram viðmið um hámarks biðtíma í stefnutillögum.

Aðrar athugasemdir eru:

- Ráðið gerir athugasemd við skipan nefndarinnar en þar er ekki að finna notanda þjónustunnar og hann er heldur ekki hafður með í ráðum.
- Ýmislegt bendir til að biðtími muni aukast enn frekar. Kraftar sérfræðinga munu verðar nýttir frekar í ráðgjöf til kennara og skólastjórnenda í stað beinnar þjónustu við nemendur.
- Ráðið sér ekki að fyrirkomulagið sem í gildi er brjóti í bága við núverandi regluverk en túlkar skipan starfshópsins sem vísbendingu um að slíkt hafi verið talið. Verið er að uppfylla þarfir nemenda í nærumhverfi og því farið að lögum. Ráðið lítur svo á að sérdeildir innan Hafnarfjarðar og sérskólarnir Klettaskóli og Brúarskóli séu í nærumhverfi nemenda. Ráðið telur að öll úrræði sem í boði eru séu fullnýt áður en leitað er út fyrir bæinn.
- Viðmið hvað varðar nauðsynlegar bjargir sem nefndar eru í samantekt á bls. 5 sýna fram á aukin fjárútlát en ekki sparnað. Athugun á á framkvæmd þessarar stefnu og mat á henni, hver á að framkvæma það og á kostnað hvers? Hvernig á að bregðast við slæmum niðurstöðum? Er búið að þróa verkferla í kringum það? Auk þess virðist sem fjármunir eigi að fara í auknum mæli í SMT/PMTO sem er vel, en hvaðan á það fjármagn að koma? Liggur kostnaðargreining fyrir?
- Á síðu menntamálaráðuneytis kemur fram að ráðuneytið hefur óskað eftir úttekt af hálfu Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Von er á niðurstöðu úr þessari úttekt fyrir árslok 2016. Við teljum vænlegt að bíða með breytingar uns niðurstaða er komin.

Að lokum, Foreldraráð Hafnarfjarðar fagnar undirbúningi að skólaþingi um sérúrræði í grunnskólum Hafnarfjarðar sem haldið verður í maímánuði.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnarForeldraráðs Hafnarfjarðar

---

Ólafur St. Arnarsson, talsmaður